

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/6/EB****frá 16. febrúar 1996****um breytingu á tilskipun ráðsins 74/63/EBE um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu(\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAG-  
ANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/63/EBE frá 17. desember 1973 um óæskileg efni og óæskilegar afurðir í dýrafæðu<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 74/63/EBE er kveðið á um að breyta skuli innihaldi viðauka við hana reglulega með hliðsjón af framförum í vísindum og tækni.

Nauðsynlegt er að lækka magn af aflatoxín B1 í heilfóðri fyrir mjólkurkúr til að koma þarf í veg fyrir að þetta mengandi efni finnist í mjólk.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 74/63/EB er hér með breytt eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara tilskipun þessari eigi síðar en 31. júlí 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Í ákvæðunum sem aðildarríkin samþykkja skal vera tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin setja reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. febrúar 1996.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB L 49, 28.2.1996, bls. 29, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjttíð. EB nr. L 38, 11. 2. 1974, bls. 31.

## VIÐAUKI

Í 1. lið B-hluta I. viðauka, „Aflatoxín B1“, komi eftirfarandi í stað orðanna „Heilfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur (að undanskildum mjólkurkúm, kálfum og lömbum)“ í dálki 2 og tölunnar „0,05“ í dálki 3:

Efni, afurðir	Fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (ppm) í fóðri miðað við 12 % rakainnihald
(1)	(2)	(3)
	„Heilfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur, að undanskildum: – mjólkurkúm – kálfum og lömbum	0,05  0,005 0,01“